

Ed.

573. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög (á þgskj. 500).

Þetta frumvarp er hingað komið frá háttvirtri neðri deild.

Nefndin þar hefir gert ljósa grein fyrir því, að hækka beri tillagið úr landssjóði, og vísum vjer til álits hennar á þingskjali 389.

En oss getur ekki dulist, að hækkunin í kaupstöðunum, úr 1 kr. upp í 1 kr. 50 aur., er oflítill.

Þess ber vel að gæta, að nú er í ráði að hækka meðlag með sjúklingum í Heilsuhælinu á Vífilstöðum um 50 auru á dag. En sjúkrasamlögin hafa mikla byrði af sjúklingum sinum, þeim, sem þau verða að kosta í Hælinu. Önnur sjúkrahús hafa einnig hækkað meðgjöf með sjúklingum meira eða minna.

Af þeirri ástæðu leggjum vjer eindregið til, að tillagið til sjúkrasamlaga í kaupstöðum sje hækkað upp í 2 kr. á mann, og er það þó helmingi minna, en tíðkast í Svíþjóð og Danmörku, sbr. nefndarálit neðri deildar.

Jafnframt viljum vjer vekja athygli á því, að þessi gjaldliður í fjárlagafrumvarpinu er of lágt settur 600 kr. hvort árið. Ætti að vera 3000 kr. hvort árið.

Vjer leggjum því til að frumvarpið sje samþykkt, en berum fram þessa

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. í stað »1 króna 50 aurar, en annarsstaðar 2 krónur 25 aurar«
komi:
2 krónur, en annarsstaðar 2 krónur 25 aurar.

Efri deild Alþingis, 26. ág. 1915.

Karl Finnbogason,
formaður.

G. Björnson,
ritari og framsögum.

G. Ólafsson.